

Stærðfræðikennarinn — hver er það?

Anna Kristjánsdóttir

Lokaðu snöggvast augunum og athugaðu hvaða kennari kemur upp í hug þér. Er það kennarinn þinn í framhaldsskóla eða einhver þeirra stærðfræðikennara sem þú hafðir þá? Er það kennarinn þinn á unglingastigi eða einhver þeirra sem þá kenndi þér stærðfræði? Er það kennarinn þinn í kennaranámi? Eða er það miðstigskenningarinn sem kenndi þér að reikna með almennum brotum og tugabrotum? Eða kynni að vera að það sé kennarinn sem leiddi þig fyrstu skrefin í byrjendakennslu?

Það er reyndar líka hugsanlegt að í hug þér komi einhver utan veggja skóla, einhver sem leiðsagði þér og lagði fyrir þig ýmis verkefni úr daglegu lífi þar sem þú gast notað stærðfræði til lausnar. Margir hafa átt góða félagu í hópi fullorðinna, félagu sem höfðu gaman af að leggja þrautir og verkefni fyrir unga kolla.

Stærðfræðikunnátta er veigamikill hluti almennrar menntunar. Það að geta fært sér stærðfræði í nyt í daglegu lífi er mönnum ekki aðeins til hagræðis og gagns heldur oft til ánægju og gleði. En kunnáttan á sviði stærðfræði og næmni einstaklingsins á það hvar hún komi komi gagni og varpi ljósi á viðfangsefni, er í beinu samhengi við það hvernig einstaklingurinn kynnist hugtökum og vinnuaðferðum þessarar námsgreinar.

Það skiptir máli að leggja áherslu á stærðfræðilegt læsi, að gera sér grein fyrir því hvaðan viðfangsefnin koma ekki síður en að læra leiðir til að leysa þau. Það þarf að læra að taka eftir því hvar viðfangsefnin er að finna, að orða þau og átta sig á ýmsum leiðum til að leysa þau ekki síður en að þaulæfa tiltekna aðferðir við lausn. Þetta hefur alltaf skipt miklu máli eins og glöggst má sjá af skrifum forystumanna fyrir löngu síðan, bæði hér á landi og erlendis. En í tæknivæddu þjóðfélagi nútímans skiptir þetta höfuðmáli hvar sem er á skólagöngunni, allt frá byrjendastigi upp á framhaldsskólastig.

Og hvaða kennarar efla þetta stærðfræðilega læsi, skapa aðstæður til þess að sjá hvar viðfangsefni stærðfræðinnar er að finna í

umhverfinu, hjálpa til að túlka niðurstöður í samhengi, styrkja nemendur við að finna leiðir til að leysa viðfangsefni sem skipta máli?

Þetta er í raun verkefni allra kennara. En hlutverk bekkjarkennarans, sem kennir nemanda fyrstu 7 árin, er hér ekki veigaminna en hlutverk þeirra sem kenna eldri nemendum. U.þ.b. helmingur alls stærðfræðináms, sem meginþorri Íslendinga fær, er í höndum bekkjarkennarans. Það nám sem stundað er undir handleiðslu bekkjarkennarans á áhrifamiklu mótunarskeiði leggur ekki aðeins grundvöll að kunnáttu og skilningi heldur einnig viðhorfum, sjálfsmati og vinnubrögðum. Stærðfræðilegt læsi verður að verulegu leyti til á þeim tíma sem nemandi er hjá sínum bekkjarkennara.

Hér með er ekki sagt að áhrifamáttur kennara á unglingastigi, framhaldsskólastigi og í háskólum sé ekki verulegur og heldur ekki sagt að ekki megi snúa þróun við þótt á einhverju aldursskeiði hafi tekist verr en skyldi. En hér er lögð áhersla á mikilvægi bekkjarkennarans sem stærðfræðikennara og að bekkjarkennari líti á sig sem slíkan í starfi sínu með börnum.

Flötur var stofnaður til að auka umræður stærðfræðikennara og skapa þeim aðstæður til að styrkja sig enn frekar í starfi en unnt hefur verið eftir öðrum leiðum. Það skiptir miklu máli að miðla því sem ávinnst og leita sífellt lengra. Stjórn Flatar og þeir sem þegar eru komnir í hópinn bjóða öllum stærðfræðikennurum að vera með – ekki síst bekkjarkennurum.